

Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík



Hornafirði, 24. október 2022  
nr. erindis 202210005 JÍI

**Málefni: Umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar á frumvarpi til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010**

Umhverfis- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar vill ítreka fyrri umsögn sem er í bókun umhverfis- og skipulagsnefndar frá 2.12.20

Umhverfis- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar telur að skipan raflínunefndar fyrir framkvæmdir í meginflutningskerfi raforku feli í sér inngríp ríkisins í skipulagsvald sveitarfélaga sem samræmist ekki markmiðum skipulagslaga um að ábyrgð á skipulagsgerð sé á höndum sveitarfélaga. Ótækt sé að slík nefnd taki stjórnsluákvæðanir fyrir hönd sveitarfélaga. Bæði er hér um að ræða takmörkun á skipulagsvaldi og leyfisveitingavaldi sveitarfélaga. Sveitarfélagið Hornafjörður tekur undir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga að ekki sé ástæða til að útvíkka hlutverk raflínunefnda og ákvæða um raflínuskipulag þannig að þau nái til annarra samfélagslega mikilvægra innviða, t.d. vegaf framkvæmda. Skýrt verði að vera að sú sérstaka málsmeðferð sem lögð sé til í frumvarpinu um skipulag og veitingu framkvæmdaleyfa vegna framkvæmda í meginflutningskerfi raforku, sé grundvallarfrávik frá meginreglum skipulagslaga. Framkvæmdir við meginflutningskerfið hafi sérstöðu umfram ýmsa aðra samfélagslega innviði þar sem nauðsynlegt sé að taka sameiginlega og bindandi ákvörðun allra sveitarfélaga um línuleið og staðsetningu jarðstrengja.

Virðingarfyllst



Brynja Dögg Ingólfssdóttir  
umhverfis- og skipulagsstjóri  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar